



Fjölbrautaskóli Suðurnesja

Keflavík
Sími 92-3100

Keflavík 16. des. 1985.

104. fundur

skólanefndar Fjölbrautaskóla Suðurnesja var haldinn í bóknámshúsi við Sunnubraut, miðvikudaginn 12. des. 1985.

Mættir voru Gunnar Sveinsson, formaður skólanefndar, Hjálmar Árnason, skólameistari, Sturlaugur Ólafsson, aðstoðarskólameistari, Halldór Guðmundsson, Bogi Hallgrímsson, Þórður Ólafsson, Kristinn Kristjánsson, fulltrúi kennara, Hafliði Sævarsson, fulltrúi nemenda og Helga Loftsdóttir, ritari.

Formaður setti fund kl. 17:00.

1. Húsnæðismál.

Formaður hóf umræður um húsnæðismál F.S. með því að ræða hugmyndir er fram höfðu komið um nýjan skóla frá grunni í Njarðvíkum í stað viðbyggingar við bóknámshús. Taldi hann rétt að ræða þær hugmyndir nánar áður en lengra yrði haldið með teikningar að viðbyggingu við skólann.

Í framhaldi af því lagði Halldór Guðmundsson fram eftirfarandi tillögu:

„Ég legg til að skólanefnd Fjölbrautaskóla Suðurnesja hugi að því, hvort ekki sé tímabært að falla frá hugmyndum um að byggja við núverandi skólahúsnæði, en reisi í þess stað nýjar skólabyggingar á rýmra svæði, sem er að losna í Njarðvík við brottflutning olíutanka varnarliðsins. Svæði þetta liggur mjög vel við fyrirhuguðu vegakerfi um Suðurnes og væri auðvelt að reisa framtíðarbyggingar í áföngum. Ennfremur skal bent á að stutt er í núverandi skóla og auðvelt væri að kenna á báðum stöðum, þar til nýbyggingar væru komnar í gagnið, sérstaklega skal fram tekið að vandamál með bílastæði væru þar með leyst.“

Skólameistari sagði að hann hefði tekið afstöðu til núverandi teikninga í ljósi þess að neyðarástand ríkti í húsnæðismálum F.S. En með tilliti til þess að stöðugt sé verið að gera stórauknar kröfur til skólans frá atvinnuvegunum eins og t.d. sjávarútvegi og fl., þá eigi umsvif F.S. eftir að stóraukast. Í ljósi þess taldi hann að áformuð viðbygging skólans mundi ekki duga er fram í sakti. Sagði hann sig þess vegna sammála tillögu Halldórs. Þetta væri framtíðarlausn í húsnæðismálum F.S. En hann benti jafnframt á að þetta mál þyldi enga bið, því í dag getur F.S. ekki hýst alla nemendur. Þrengdist meir í Holtaskóla, væru sumir nemendur og kennarar í F.S. „á götunni“.

Nokkrar umræður urðu um þetta mál.

Aðstoðarskólameistari taldi tillögu þessa vera at-
hyglisverða, því hér væri horft meira fram í tímann. Í því sambandi minntist hann á skólabygginguna við Sunnubraut sem bóknámsdeildin hefði yfirtekið algjörlega.

Bogi Hallgrímsson benti á að það væri dýrara að reka skólann á tveimur stöðum en þetta væri betri framtíðarlausn.

Skólameistari sagði það næsta ljóst að ekki verði um fjármagn frá ráðuneyti að ræða á næsta ári. Þyrfti því að kanna aðrar leiðir til fjármögnunar til að koma byggingunni af stað. Lagði hann því til að fjárhagsnefnd skólanefndar kanni leiðir til fjármögnunar.

Formaður benti á að þessi byggingarmáti taki lengri tíma og ræddi um að taka á leigu húsnæði til að leysa vandann til bráðabirgða.

Skólameistari telur, að erfitt sé að finna húsnæði nálægt F.S. því ef leiguhúsnæði væri langt frá bóknáms-húsi yrðu mikil vandamál við stundatöflugerð.

Að umræðum loknum samþykkti skólanefnd að vísa þessu máli til sveitarstjórna á svæðinu til umsagna og umfjöllunar, og síðan verði málið aftur tekið fyrir til ákvörðunar. Jafnframt samþykkti skólanefnd að fela fjárhagsnefnd að vinna að tímabundinni lausn húsnæðisvandsns.

2. Bréf atvinnumálanefndar Keflavíkur til skólanefndar.

Formaður las upp og kynnti innihald bréfs frá atvinnumálanefnd Keflavíkur, þar sem óskað er eftir því við skólanefnd F.S. að hún kanni möguleika á því að setja á stofn sérstaka sjávarútvegsdeild við skólann. Leggur nefndin til að þar fari m.a. kennsla fram í vinnslu sjávarafra, fiskeldi, stjórnun fiskvinnslu, stjórnun útgerðar og markaðsmálum. Með stofnun þessarar deildar yrði tryggð fræðsla í þeirri atvinnugrein sem um langan aldur hefur verið undirstaða atvinnulífs hér á Suðurnesjum.

Skólameistari fagnaði bréfi atvinnumálanefndar en benti á að á meðan þröngt er í húsnæðismálum þá sé erfitt um vik. Minntist hann á tillögur til þingsályktunar um skipulagnungu á sviði sjávarútvegs.

Formaður minnti á fyrri fundi sem haldnir voru árið 1980 um sambærileg mál með ýmsum fulltrúum atvinnuveganna. Þá minnti hann á að aðsókn að ýmsum brautum starfsnáms hefði því miður ekki verið nægilega góð.

Spunnust þó nokkrar umræður um mál þetta. Að þeim loknum þakkaði skólanefnd bréf atvinnumálanefndar og þann áhuga sem þar kemur fram, og samþykkti að fela skólameistara að kynna betur þær brautir sem skólinn býði upp á, sem eru sjávarútvegsbraut, fiskvinnslubraut og vélstjórnarbraut. Einnig samþykkti skólanefnd að óska eftir samvinnu við atvinnumálanefndir svæðisins til athugunar á þessari starfsemi.

3. Brautskráning á haustönn 1985.

Ákveðið er að brautskráning á haustönn 1985 fari fram laugardaginn 21. des. í Njarðvírkirkju kl. 14:00.

Mun kór F.S. syngja undir stjórn Kjartans Mássonar, í forföllum Gróu Hreinsdóttur, sem verður í Ísrael. Að öðru leyti verður dagskrá með hefðbundnum hætti. Kaffiveitingar fyrir boðsgesti og kennara verða að lokinni afhöfn í kirkju.

Upplýsti skólameistari að brautskráðir munu nú verða fjölmennari en nokkru sinni áður í sögu F.S. þ.e. um 83 talsins.

4. Önnur mál

a) Skólameistari minnti á að endurskoða þyrfti fjárhagsáætlun ársins 1986 fyrir sveitarfélögin. Samþykkt að fela fjárhagsnefnd skólanefndar verkið.


b) Afmælisnefnd í tilefni 10 ára starfsemi F.S. Kennarar tilnefndu Guðna Kjartansson sem fulltrúa í nefndina, fulltrúi nemenda verður Hlín Hólm og fulltrúi brautskráðra nemenda Stefán Jónsson.

Halldór lagði til að formaður skólanefndar verði tilnefndur sem fulltrúi skólanefndar. Var það samþykkt samhljóða. Skólameistari mun einnig starfa í nefnd þessari.


c) Skólameistari minntist á beiðni frá foreldrum og nemendum um skólaakstur á vegum F.S. í ystu hverfi Keflavíkur. Vegalengdir eru orðnar miklar og tekur allt að 30 mín. fyrir nemendur að ganga í skólann. Skólanefnd felur aðstoðarskólameistara að athuga mál þetta s.s. kostnað o.fl.

Fleira ekki gert.

Formaður óskaði fundarmönnum gleðilegra jóla og farsæls nýs árs og sleit fundi kl. 19:00.



Gunnar Sveinsson,
formaður skólanefndar.



Helga Loftsdóttir,
ritari.